

LÍTIÐ YKKUR NÆR

-segir Yoko Ono, sem opnar sýningu á verkum sínum á Kjarvalsstöðum í dag

Á sýningu sem opnuð verður í vestursal Kjarvalstaða í dag, verða sýnd 111 verk sem Yoko Ono hefur unnið á árunum 1960 til 1990 og er sýningin því nokkuð ítarlegt yfirlit yfir myndlistarferil hennar.

Myndverk Yoko Ono eru ná tengd því hlutverki sem sem hún hefur óneitanlega tekið að sér; að boða frið. Hún gerir sér mat úr smáum hlutum, úr daglegu umhverfi og skilaboð hennar eru „Líttu þér nær.“

Á blaðamannafundi sem Yoko hélt á Kjarvalsstöðum í gær, kvaðst hún ekki svartsýn á að friður gæti náðst í heiminum, þrátt fyrir Persaflóastríðið og aðrar væringar, og bætti við: „Hér áður hélt ég að friður mundi ríkja í heiminum árið 1990. Svo er ekki. En það þýðir ekki að allt sé tapað - heldur að friðarbaráttan taki lengri tíma.“

Eg var mjög hjartsýn - en þótt draumar mínir hafi ekki ræst, geri ég mér grein fyrir að baráttan fyrir friði er mun útbreiddari en hún var á 7. áratugnum. Við hugsum meira um frið og hvaða leiðir eru að honum.

Þið Íslendingar getið skipað veigamikil hlutverk í friðarbaráttunni. Í stað þess að hugsa: „Hvers erum við, lítil þjóð, megnug,“ eigið þið að gera ykkur grein fyrir hvaða forskot þið hafið. Ég hef oft heyrt talað um Ísland og lesið um það; um hreinu jörðina, loftið og vatnið. En þegar ég kom hingað, áttaði ég mig á því hvaðan þið hafið allan ykkar styrk og orku; frá jörðinni. Ef þið eydduð meiri tíma í að gleðjast yfir og njóta þessarar ómengduð náttúru



Yoko Ono á Kjarvalsstöðum í gær.

Morgunblaðið/Einar Falur

og skilduð að hana hafið þið fram yfir flestar aðrar þjóðir, grætuð þið verið öðrum þjóðum fyrirmynd - og það eru fyrirmyndirnar sem hafa mestu áhrifin.

Smáir hlutir eru Yoko hugleiknir og hún segir frá því að fyrst eftir að eiginmaður hennar, John Lennon, féll frá, hafi hún örvænt um að hún hefði tapað mikilvægum stalli til að útbreidda friðarboðskap sinn. En frá þeim tíma hafi hún tekið upp aðrar aðferðir: „Í hvert sinn sem ég heyrri einhvern

segja eitthvað sem máli skiptir, eða les góða setningu í dagblaði eða tímariti, sendi ég höfundinum póstkort og þakka honum fyrir. Það tekur ekki langan tíma og með þessu hjálpum við hvert öðru - og það er alltaf gott að vita að maður stendur ekki einn.“

Við erum oft með fyrirfram ákveðnar hugmyndir og erum svo upptekin af hugðarefnum okkar,“ sagði Yoko ennfremur, „að við missum af því sem er að gerast í kringum okkur. Sem dæmi um

það, get ég sagt ykkur að fyrir utan heimili mitt safnast oft aðdáendur, búnir myndavélum og mynda húsið í gríð og erg. Þeir eru að reyna komast að því hvernig ég lifi. Á meðan á þessu stendur, geng ég út og inn án þess að þeir taki eftir mér. Það er þetta sem ég á við, þegar ég segi; lítið ykkur nær og njörvið ekki markmið ykkar niður. Þið gætuð misst af því sem er mikilvægt og þið eruð að leita að.“

Marvilja ánuði

an tíma til að fullvinna málefna-samning væri vilji fyrir hendi.

Steingrímur tók það fram að hann ætlaði sér ekki að hætta í stjórnárum eða segja af sér sem formaður Framsóknarflokksins, þótt flokkurinn lenti nú í stjórnarandstöðu, heldur myndi hann sinna flokkstarfi þeim mun meira.

mur mér yvart

ólúrún Gísladóttir

formanni Sjálfstæðisflokksins, umboð til stjórnarmyndunar. Hún segir Kvennalistinn muni nú biða og sjá hvað út úr viðræðum Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks komi, en ef þeir nái ekki saman sé Kvennalistinn tilbúinn til viðræðna um fjögurra flokka vinstri stjórn.

„Þetta kemur mér ekki á óvart,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. „Eftir viðræður okkar við Jón Baldvin Hannibalsson, formann Alþýðuflokksins, á fimmtudaginn gerði ég mér grein fyrir að áhugi Alþýðuflokksmanna á því að ræða stjórnarmyndun við sjálfstæðismenn var mun meiri en á viðræðum um fjögurra flokka stjórn.“

Hún segir að Kvennalistinn muni nú biða og sjá hvað komi út úr viðræðum Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks, en ef þær beri ekki árangur sé Kvennalistinn áfram tilbúinn til viðræðna um stjórnarmyndun með Alþýðuflokki, Alþýðubandalagi og Framsóknarflokki. „Við höfum staðið í könnunarviðræðum við þessa flokka, og það hefur ekki komið upp neinn sérstakur ágreiningur milli okkar og þeirra. Það virðast hins vegar vera einhver óleist mál í samskiptum Alþýðuflokks og Framsóknarflokks.“



Leikarar og aðstandendur leikritsins um Kaj Munk.

Höfn í Hornafirði:

Leikritið Kaj Munk í Hafnarkirkju

LEIKRIT Guðrúnar Ásmundsdóttur um Kaj Munk verður frumsýnt í leikstjórn Hlínar Agnarsdóttur í Hafnarkirkju, Höfn í Hornafirði, næstkomandi sunnudag, 28. apríl, kl. 20.30. Nítján leikarar koma fram í sýningunni, sá yngsti, Brynjar Smári Bjarnason sem leikur yngsta Kaj Munk, er aðeins 6 ára gamall. Hjalti Vignisson leikur Kaj 10 ára gamlan en Hákon Leifsson leikur hinn fullorðna Kaj Munk. Meðal annarra leikara má nefna Sigrúnu Eiríksdóttur, Ingvar Þórðarson, Erlu Einarsdóttur og Hrein Eiríksson.

Leikritið um Kaj Munk var fyrst sett upp í Hallgrímskirkju árið 1987 og var þar sýnt 40 sinnum fyrir fullu húsi.

Auður Bjarnadóttir listdansari samdi nokkur dansspor fyrir sýninguna í Hafnarkirkju í samráði við höfund og leikstjóra. Verkið fjallar um prestinn Kaj Munk sem lét lífið fyrir sannfæringu sína.

Þegar hafa verið ákveðnar sex sýningar á verkinu. 2. sýning verður þriðjudaginn 30. apríl, sú þriðja

miðvikudaginn 1. maí, sú fjórða fimmtudaginn 2. maí.

Upplýsingar og miðapantanir eru hjá Leikfélagi Hornafjarðar. Flugleiðir bjóða afsláttarfergjöld á sýninguna.

Leikritið um Kaj Munk er sett upp sameiginlega af aðilum innan kirkjunnar og Leikfélagi Hornafjarðar. Þess má geta að Hafnarkirkja á 25 ára vígsluafmæli á þessu ári.

Tuttugu ár liðin frá því fyrstu handritin komu

Handritin til sýnis í Árnastofnun um helgina

STOFNUN Árna Magnússonar gengst um helgina fyrir sérstakri hátíðarsýningu á handritunum sem komu fyrst heim frá Danmörku fyrir tveimur áratugum, Konungsbók Eddukvæða og Flateyjarbók.

Sunnudaginn 21. apríl voru liðnir tveir áratugir frá því fyrstu handritin komu til Íslands frá Danmörku. Að því tilefni verður sýning í Árnastofnun á morgun, laugardag, og á sunnudaginn. Sýningin verður opin frá klukkan 14 til klukkan 16 báða dagana. Einnig verður opið miðvikudaginn 1. maí á sama tíma.

Það voru Konungsbók Eddukvæða og Flateyjarbók sem fyrst komu til landsins og verða þær báðar til sýnis í Árnastofnun. Einnig verða sýndir fleiri kjörgríp-ir svo sem Skarðsbók Jónsbókar, Skarðsbók postulasagna, Möðruvallabók og Stjórn.

Að sögn Jónasar Kristjánssonar forstöðumanns Árnastofnunar, er allur þorri handritanna kominn heim, eða um 2.000 handrit. Einhver eru eftir í Danmörku þar sem verið er að gera við þau og sum eru notuð þar við fræðistörf.

Jónas sagði að svokölluð Teiknibók væri eitt fárra handrita sem enn væri í Danmörku sem kalla mætti dýrmætt en unnið væri að



Morgunblaðið/Júlíus

Jónas Kristjánsson og Sigurgeir Steingrímsson glugga í Stjórn, sem er frá miðri 14. öld.

því að gefa hana út hér á landi í vönduðu ljósríti.

Teiknibókin er frá miðöldum og í henni eru teikningar listamanna sem þeir hafa síðan notað sem fyrirmyndir að listaverkum. Þetta er eina bókin sinnar tegundar sem til er á Norðurlöndunum og í heiminum eru aðeins til 20-30 slíkar bækur.